

Stjórnarfundur ÍTF 10. mars 2025

Mættir fulltrúar: Heimir, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Heimir. Styrmir og Samúel á Teams.
Fjarrverandi:

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:00

Fyrir var tekið:

1. Aðalfundur ÍTF

- Aðalfundur ÍTF var haldinn 12.febrúar í höfuðstöðvum Deloitte. Fundurinn var góður og sköpuðust þó nokkrar umræður undir önnur mál.
- Mætingin hefði mátt vera betri en 17 fulltrúar af 25 mættu til fundarins. Umræður í stjórn hvort það ætti að skoða að halda fundinn á föstudögum eða laugardögum til að auðvelda félögum utan af landi að koma á fundinn. Jafnvel að skipuleggja vinnudag í kringum fundinn.
- Fundargerð hefur verið send ásamt fylgigögnum. Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu ÍTF.

2. Ársþing KSÍ

- Ársþing KSÍ var haldið þann 22.ágúst á Hilton Reykjavík. Um var að ræða nokkuð rólegt ársþing þar sem það voru ekki kosningar. Sambandið og félögin ættu að nýta þessi þing betur til að ræða málefni knattspyrnunnar. Einnig voru umræður á þinginu hvort það ætti að fara ársþing KSÍ framar, halda knattspyrnuþing að hausti að loknu keppnistímabili. Telur stjórn að það eigi að skoða þann möguleika eftir næsta ársþing. Vinnustofa KSÍ á föstudeginum blásin af sem er ekki gott, mikilvægt að reyna að nýta tækifærið þegar félögin eru komin saman.
- Partý eða skemmtun ÍTF gekk vel og var mikil ánægja með viðburðinn. Ljóst að félögin vilja hittast eftir ársþing og ræða málefni knattspyrnunnar áfram. Viðburðurinn var haldinn á Lebowski bar í RVK og var kostnaður ÍTF 185 þús kr.

3. Skattamál íþróttafélaga

- Ólafur fór yfir stöðu mála. Starfshópurinn hefur fundað nokkrum sinnum frá því að ÍTF blés til fundar með öðrum boltagreinum landsins. Í starfshópnum eru fulltrúar ÍTF, ÍTK, KSÍ, LSÍ, HSÍ, KKÍ, ÍSÍ og UMFÍ. Búið er að senda bréf á ráðuneytið og óska eftir fundi til að ræða næstu skref. Mikilvægt að rödd félaganna heyrst skýrt í starfshópnum enda snýr bréf Ríkisskattstjóra að félögunum og lausnin verður að hugsuð út frá félögunum.

4. Flutningur afreksleikmanna

- a. ÍTF kynnti á ársþingi KSÍ niðurstöður starfshóps um flutning afreksleikmanna. Mikil umræða hefur verið á milli félaga varðandi þetta nýja fyrirkomulag og ljóst að öll félögin innan ÍTF vilja prufa nýja fyrirkomulagið í ár. KSÍ sendi út póst eftir þingið og kallaði eftir samþykki neðri deilda. Óljóst er hver svörin voru og hóf ÍTF því að hafa samband við öll félögin í 2 deild karla og kvenna til að kanna áhuga þeirra. Birgi falið að vinna málið áfram í forgangi enda málefnið brýnt og stutt í að mót hefist.

5. Verkefni stjórnar

- a. Heimir Fannar og Birgir munu á komandi vikum heimsækja félög innan ÍTF til að kynna helstu verkefni og hlutverk ÍTF, farið verður einnig yfir markaðsmál, fjármál og stefnumótun ÍTF. Birgi falið að undirbúa fundina.
- b. Koma á samstarfssamningi við KSÍ þar sem hlutverk og markmið verði fest niður á blað. Enginn samningur á milli aðila síðan 2022.
- c. Breytingar í Betting og TV málum. Fyrirhugaður fundur með félögum til að ræða þær breytingar sem eiga sér stað í þessum málum í kringum okkur. Fræðslufundur um málefni sem snertir félögin beint.

6. Önnur mál

- a. Besta deild karla hefst þann 5. apríl. Fyrirhugað er að vera með hinn árlega kynningarfund 1.apríl.
- b. Besta deild kvenna hefst þann 15. apríl. Fyrirhugað er að vera með kynningarfundinn fyrir deildina föstudaginn 11.apríl. Félögin munu fá sendar nánari upplýsingar þegar nær dregur.
- c. TV verkefni með SÝN. Birgir kynnti hugmynd að samstarfsverkefni með SÝN sem snýr að Bestu deildinni. Málið er óstaðfest og mun Birgir upplýsa stjórn og félögin ef af því verður.
- d. Birgi falið að koma upp Teams vinnusvæði fyrir stjórn ÍTF.
- e. Skrifstofur ÍTF. Heimir formaður ÍTF og Ólafur varaformaður áttu fund með Þorvaldi og Eysteini á dögnum. Þar kom fram áhugi aðila að kanna möguleikann á því að flytja skrifstofur ÍTF aftur inn í Laugardal. Heimir lagði málið fyrir stjórn og voru ekki nein mótmæli við því. Tryggja þyrfti þó að ÍTF fái viðunandi aðstöðu, bæði hvað varðar aðgang að fundarherberrgi sem og sér aðstöðu fyrir starfsmenn. Birgir og Eysteinn munu ræða nánar saman á komandi dögum hvar og hvernig þetta gæti gengið fyrir sig. Gangi allt saman upp er gert ráð fyrir flutningi sem fyrst.

7. Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:35